



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rannsóknasjóður Háskólans (verkefnasjóður)

Greinargerð vegna mats á umsóknum

Vinnulag við mat á umsóknum og viðmið við flokkun og tillögur um úthlutanir.

Vísindanefnd hefur unnið að tillögum sem miða að því að draga úr vinnu við mat á umsóknum og gera umsóknarferlið einfaldara og gagnsærra:

- Mat á ritvirkni verður samhæft á milli sviða eftir því sem hægt er.
- Mat á rannsóknáformum verður einfaldað og fer fram í þremur þrepum.

Flokkun verkefnis

Allar nýjar umsóknir verða sendar til utanaðkomandi sérfræðinga til mats en framhaldsverkefni metin af fagráði – þau framhaldsverkefni sem voru síðast metin að utanaðkomandi sérfræðingi fyrir 5 árum eða fyrr eru send í mat að nýju. Samkvæmt mati rýnenda þá er verkefninu gefin einkunn:

Framúrskarandi umsókn

A. Góð umsókn

B. Sæmileg umsókn

C. Slök umsókn

Í eldra kerfi voru einkunnagjafir flóknari og lítill munur á einkunn gat haft afgerandi áhrif á flokkun viðkomandi. Með þessari breytingu er leitast við að einfalda einkunnagjöfina og draga úr mismunandi áherslum rýnenda.

Einkunnir verkefna hafa eftirfarandi áhrif á röðun umsækjenda, fagráðum er bent á að hægt er að hækka eða lækka umsækjendur þyki tilefni til (sjá: Lokaflokkun):

Framúrskarandi umsókn – möguleiki á hækkuðum styrki.

A. Góð umsókn – óbreyttur styrkur.

B. Sæmileg umsókn – lækkaður styrkur.

C. Slök umsókn – enginn styrkur.

Framvinda: Starfsmenn vísinda- og nýsköpunarsviðs munu fara yfir framvindu og hafa samband við fagráð ef framvinda er ekki ásættanleg eða ef eitthvað þykir óljóst.

Mat á ritvirkni:

Fagráð gerir ekki tillögur um styrkuppþæðir heldur raðar umsækjendum.

Fagráð fá upplýsingar um bæði aflstig og ritvirknistig umsækjanda. Skilgreining ritvirknistiga Rannsóknasjóðs er eins og áður (Tafla 1).

Niðurstaða vegna mats á ritvirkni verður til leiðsagnar um styrkuppþæðir en fagráðum ber þó að fara yfir ritvirknistuðla til að bera kennsl á hvort tilefni sé til að hækka/lækka umsækjanda, **nánari útlístin í „Lokaflokkun.“**.

Tafla 1. Skilgreining ritvirknistiga

Ritverk	Vinnu- matskerfi	Ritvirknistig > 1 höfundur	Ritvirknistig 1 höfundur
ISI greinar með 20% hæsta áhrifastuðulinn	20	2	3
Greinar í A tímaritum á ERIH	20	2	3
Bókakaflar sem birtast hjá virtustu alþjóðlegu útgáfunum	20	2	3
ISI greinar (hin 80%in)	15	1.5	2.25
Greinar í B á ERIH	15	1.5	2.25
Greinar í ísl. Tímaritum sem fá hæstu einkunn úr samkvæmt könnun	15	1.5	2.25
Bókakaflar í flokki tvö	15	1.5	2.25
Greinar í C á ERIH	10	1	1.5
Greinar í ísl tímaritum með aðra einkunn samkvæmt könnun	10	1	1.5
Bókakaflar í þriðja flokki	10	1	1.5
Bækur í efsta flokki		5	7.5
Bækur í næst efsta flokki		3	4.5
Bækur í þriðja efsta flokki		2	3
Ráðstefnugreinar á gæðaráðstefnum	10	1	1.5

Lokaflokkun

Fagráð hafa ákveðið svigrúm til að leggja til breytingu á röðun. Fagráð fer yfir vísindamenn sem rétt er að færa til í röðun (hækka/lækka) vegna vísindalegs framlags þeirra.

Eftirfarandi þættir geta haft áhrif á flokkun:

1. Nýir starfsmenn (þeir sem hafa hafið vísindaferil á seinustu þremur árum miðað við ráðningu í akademískt starf (lektor/sérfræðingur)-akademískur ferill ekki lengri en 3 ár) hækka upp um sæti, raðist þeir neðarlega vegna birtinga sinna. Miða skal við ráðningu árið 2013.
2. Gæði birtinga, birtingarhefð og önnur atriði er snúa beint að ritvirkni. Ef gæði birtinga eru sérlega mikil (t.d. óvenju margar tímaritsgreinar á þeim sviðum þar sem þær eru fátíðar), þær hafa vakið sérstaka athygli miðað við aðra í sömu grein o.s.frv. (e. impact) má hækka viðkomandi um sæti á sama hátt. Þannig má taka tillit til umsækjenda sem birta mikið alþjóðlega og á mjög góðum vettvangi miðað við aðra í sömu grein. Vísbendingar má t.d. finna í H-gildi, fjölda tilvitnana og öðrum álíka mælikvörðum. Að sama skapi þá má lækka viðkomandi um sæti ef ljóst er að umsækjandi hefur ekki lagt mikið til greinarskrifanna, þ.e. er ekki aðal/leiðandi höfundur á meiri hluta þeirra greina sem viðkomandi telur fram. Að lokum þá má hækka um sæti ef birtingarhefð á ákveðnu fagsviði er mjög lág í samanburði við önnur fagsvið.
3. Persónulegar ástæður. Hér má taka tillit til veikinda, barnseignaleyfis o.þ.h. Gögn um þessa þætti mun vísinda- og nýsköpunarsvið útvega.
4. Starf á vettvangi. Vísindamenn sem hafa notað rannsóknir sérstaklega til að efla samfélagslega þjónustu og starfsemi á vettvangi má hækka um sæti. Hér þarf að koma til góður rökstuðningur fagráðs.

5. Ef umsækjandi hefur ekki sótt um styrki úr öðrum sjóðum sl. fimm ár er fagráði heimilt að lækka umsókn viðkomandi um sæti.

Nýti fagráð sér þann möguleika að færa umsækjendur til í röðun miðað við birtingartíðni þá verður í **öllum** tilvikum að fylgja skýr rökstuðningur fyrir tilfærslunni með tilvísun í flokka. Að öðrum kosti getur vísindanefnd ekki tekið tilfærsluna til greina

Að lokum þá eru umsóknir kynntar af fagráðsmanni fyrir vísindanefnd og ræddar á fundum eftir að skriflegu mati hefur verið dreift. Ef fagráðsmenn eru tengdir umsóknum eða of nánir umsækjanda (sbr. skjal vísindanefndar varðandi vanhæfi) skulu þeir víkja af fundi. Vísindanefnd ákvarðar að lokum styrkuppþæðir og úthlutar á grundvelli forgangsröðunar og rökstuðnings fagráða.